


Skiplagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum

Hróbjartur Árnason | Námsbrautin: Nám fullorðinna | Menntavísindasvið | Háskóla Íslands | 2015




Námskeiðið Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum skiptist niður í átta kafla þar af eru sjö þemu, og af þeim fimm sem teljast til aðaláherslu námskeiðsins, seinustu tvö eru með vegna þess að það skiptir miklu máli að hafa þau í huga þegar maður skipuleggur nám fyrir aðra, en þemað "Nám á tækniöld" er yfir og allt um kring á öllum námskeiðum brautarinnar og eitthvað sem þarf alltaf að skoða, og þar að auki eru til sérstök námskeið um þau þemu, sömuleiðis eru tvö sérstök námskeið við námsbrautina um [námsmat](#) annars vegar og [námskeiðsmat](#) hins vegar.

Hér er tilraun mín til að útbúa n.k. leiðarvísir í gegnum námskeiðið. Gaman væri að heyra einhvern tíma frá ykkur hversu gagnlegt þetta skjal sé... ætti maður að gera meira af þessu ;-) ???

Mbk

Hróbjartur

Tímalína



1 Inngangur

Byrjar: 15/01/2015

Endar: 27/01/2015

Hér ætlum við að koma okkur af stað og átta okkur á viðfangsefninu, hvert öðru og námsumhverfinu.

Við fengum smá yfirlit yfir skipulagningu náms sem ferli og áttuðum okkur á því að það eru til margar leiðir til að nálgast skipulagningu náms.

Hér er sniðugt að kynna sér og - eða - rifja upp hugmyndir okkar um nám, hvað er nám, og hvað þýðir það að skipuleggja nám fyrir aðra.

Skoðaðu [möppuna](#) sem tengist þessu þema. Þar finnur þú

- Nokkur hugarkort sem sýna mismunandi nálganir til þess að skipuleggja nám fyrir aðra
- Lítið hefti með stuttum texta "Um nám fullorðinna" þar sem ég tek fyrir stuttlega að nám skipulagt af öðrum er lítill hluti náms fullorðinna. og ýmislegt annað UM nám fullorðinna sem ætti að koma að gagni.
- Grein eftir Hróbjart um sérstöðu fullorðinna námsmanna
- Samantekt eftir Zemke hjónin á fyrri rannsóknum á sérstöðu náms á fullorðinsárum

ATH þessar dagsetningar eru aðeins leiðbeinandi

2 Kerfi og nálganir við hönnun námsferla

Byrjar: 22/01/2015

Endar: 27/03/2015

Hér er svo komið að því að skoða ólík kerfi, aðferðir og nálganir við það að skipuleggja nám.

Annar kaflinn hjá Gagné er þar gagnlegur til að fá yfirlit yfir ADDIE módelið sem hefur verið mjög áberandi í Bandaríkjunum, einkum innan fyrirtækja.

- Lesið 2. kaflann í Gagné
- Kíkið líka í [möppuna](#) úr fyrri kaflanum

En við ætlum líka að skoða þrjár aðrar nálganir:

1. Nálgun **Caffarella**: En hennar bók hefur notið vinsælda um árabíl og þykir hagnýt og gagnleg. Ég er sérlega ánægður með hennar nálgun vegna þess að hún leggur áherslu á yfirfærslu þekkingar og að maður þurfi að skipuleggja öll námsferli með það í huga að það styðji við yfirfærslu þekkingar yfir í veruleikann.
 - Sjá [efnisorðið Transfer](#) í Diigo listanum mínum, kíkið sérstaklega á efnið frá Wahlgren og Aarkrog
 - Bókin sjálf: [Planning Programs for Adult Learners](#)
 - Sjá [Diigo listann um Caffarella](#)
2. **Business Model Generation** er í raun og veru aðferð til að finna út með hvaða hætti fyrirtæki eða stofnun vill bjóða fram þjónustu sína eða vöru. EN það má líka nota til að skipuleggja nám fyrir aðra, enda er námstilboð, námsferli eða námskeið oftast nær einhvers konar "Business". Einhver veitir öðrum þá þjónustu að styðja við nám hans og greiðslur fara á milli aðila stundum þó um þriðja aðila ;-)
 - [Sjá Diigo listan um efnið](#)
 - [Bókin](#)
 - [Smá útdráttur er hér](#)

3. Þriðja nálgunin sem við ætlum að skoða er "Design Thinking". Hér er verið að nota aðferðir hönnunar til að skipuleggja nám fyrir fullorðna.
- Hér er eitthvað lesefni um [Design Thinking](#) [Mappa þessa þema](#)
 - [Hér er Design Thinking í Diigó safninu](#)

Málið fyrir þátttakendur á námskeiðinu er að kynna sér allar nálganirnar stuttlega og kafa svo ofan í eina með hóp samnemenda, prófa hana og kynna fyrir hinum.



Hanna námskeið / námsferli með ólíkum aðferðum

3 Markmið

Byrjar: 30/01/2015

Endar: 12/02/2015

Það að skrifa góð markmið fyrir námskeið getur verið glettilega flókið viðfangsefni. EN skýr markmið hjálpa bæði skipuleggjanda, kennara og nemanda að átta sig á verkefninu.

Skýr markmið hjálpa skipuleggjandanum að átta sig á því hvaða skipulag, námsefni og viðfangsefni hjálpa nemanda til að læra það sem námsferlið á að hjálpa nemandanum til að læra.

Þau hjálpa kennara að útbúa verkefni, skipuleggja og ekki síst að leggja mat á námið.

Að lokum styðja þau nemandann í námi sínu, mynd hans af því sem hann/hún þarf að ná tökum

Það sem við skoðum sérstaklega eru svo kölluð "Atferlismarkmið" að hætti Robert Mager.

Sjá m.a.

- [Pennan póst](#) (þetta er verkefnislýsing með slóðum í lesefni)
- [Box - Möppuna um markmið](#)



Skrifa markmið




Skrifa lýsingu á námskeiði / námstilboði

4 Hvernig lærir fólk...

Byrjar: 12/02/2015

Endar: 09/03/2015

Þegar þú ætlar að skipuleggja nám fyrir aðra liggur í augum uppi að skipulag þitt mun mótast af þekkingu þinni og viðhorfum til þess hvernig við lærum. Öll hafið þið ykkar eigin hugmyndir um nám, og svo hafið þið lært eitthvað á skipulegan hátt einhvern tíma, jafnvel kynnt ykkur einhverjar rannsóknir og kenningar. Þegar við tökumst á við þetta þema er að átta okkur á mörgum hliðum náms... kannski er viðfangsefnið nám, eins og demantur... með ótal hliðum...



Við getum skoðað ólíkar hliðar náms eins og

- Hvernig fólk lærir
- Hvað fólk lærir og muninn á því að læra
 - þekkningaratriði
 - hreyfingafærni
 - viðhorf
- Hvernig fólk lærir á ólíkan hátt. Þar er hægt að skoða
 - einkenni ólíkra námsmanna
 - einstaklingsmun
 - ólíka námshæfileika
 - ólíka "námsstíla"
 - o.s.frv.

Svo er það spurning með sérstöðu fullorðinna námsmanna... er eitthvað sem við þurfum að hafa í huga þegar við skipuleggjum nám fyrir fullorðna, sem er öðru vísi en þegar við skipuleggjum nám fyrir börn eða unglinga?

Hvað þýðir það fyrir skipulagningu náms að væntanlegir námsmenn eru að læra

- í skóla
- á vinnustað
- heima hjá sér (í gegnum vefinn)
- til að afla sér réttinda
- í tómstundum
- að bæta við sig í sínu fagi

Lesefni og vinna

ATH: Hér verður hver fyrir sig að ákveða hversu djúpt hann/hún þarf að kafa... EN það þarf að koma fram í verkefnunum ykkar að þið eruð að vinna með ákveðinn skilning á námi fullorðinna. Rökstuðningur fyrir ákvörðunum ykkar þarf að sýna það.

Hér er um að gera að lesa og skoða

- kafla 5 og 6 í bók Gagné
- Sömu leiðis á ýmislegt við úr [Innganginum](#)
- Í Diigo safninu undir lykilorðinu "[Fullorðnir námsmenn](#)" og undir [Nám](#)
- Einnig til tilbreytingar [nokkur myndbönd](#) sem ég hef haft gaman af því að hlusta á í tengslum við nám

- Bloggfærsla um [áhrif áhuga á nám](#)
- Hér er veffundur af fyrra námskeiði þar sem er að finna smá [innlegg frá mér um nám](#)
- Hugmyndir um að fólk nálgist nám á ólíkan hátt hafa leitt til þess að sumir halda því fram að rétt sé að miða kennslu við ólíkar námsnálganir (learning styles) fólks. Ekki eru þó allir sammála um það. Þó er rétt að [kynna sér þessar hugmyndir lítið eitt](#)

5 Hönnun námsferla

Byrjar: 09/03/2015

Endar: 31/03/2015

Nú komum við að kjarnanum í námskeiðinu: Viðfangsefninu að hanna námsferla fyrir fullorðið fólk. Hér svörum við spurningunni ... **Hvað þurfum við til þess að hjálpa nemendum að ná markmiðum námskeiðsins?**

Það sem við erum að gera hér getur verið að skrifa leiðbeiningar, líma upp plakat með áminningu um... skipuleggja starfsdag, ráðstefnu, kynningu, námskeið sem getur varað frá einum eftirmiðdegi til heils árs, eða að skipuleggja Nám... þ.e. námsbraut eða skipulagt ferli þar sem fólk tekur þátt í tilteknum fjölda námskeiða og aflar sér smám saman tiltekinnar þekkingar og hæfni.

Núna kemur að því að nota þessi módel sem við kynntumst í upphafi og vinna ákveðin skref eins og

1. Greiningu námsþarfa
2. Ákvörðun námsefnis
3. Ákvörðun námsmats
4. Skipulagningu námsferla
5. Útfærslu atburða
6. Kennslu
7. Útfærslu námsmats
8. ... svo eitthvað sé nefnt

Þetta svið kennslufræðinnar er stundum kallað "Didaktik" (e. [didactics](#)) ([Besta greinin um þetta í Wikipedia er á þýsku](#))

Didaktik er á þýsku skilgreint sem "Fræðin um kennslu... eða fræði og starfsemi (Theori und Praxis) kennslu og náms." Hér eru viðfangsefnið í fyrsta lagi að ákveða hvað á að gera til þess að fólk nái markmiðum námsins og að skipuleggja atburði sem geta stuðlað að þessu námi.

Hvað gerum við þá?

Lesið í bók Gagné, kafla:

- 8: Greining námsverkefna
- 9. Hönnun Kennsluferla
- 10. Atburðir kennslu
- 12. Hönnun einstakra kennslustunda

Til stuðnings finnið þið svo ítarefni í möppu þemans í [Boxinu okkar](#) t.d.

- **9 atburðir kennslu skv. Gagné** gefa yfirlit yfir hvernig maður getur ímyndað sér - og skipulagt - námsferli eins og kennslustund. Atburðirnir þurfa ekki allir að eiga sér stað og ekki alltaf í sömu röð
- Þegar kemur að því að velja kennsluaðferðir er sniðugt að hafa í huga hvað hefur áhrif á valið. Skjalið **Aðferðarfræði** gefur örstutt yfirlit, en **grein Müller frá 1990 um "Methodik" eða Aðferðafræði** gefur gott yfirlit yfir mikilvæg atriði við val aðferða.
- Gátlistinn "**Aðferðafærni**" gefur yfirlit bandarískrar stofnunar: [International Board of Standards for Training, Performance and Instruction](#) (ibstpi®) yfir það helsta sem "fullorðinsfræðari" þarf að kunna til að nota kennsluaðferðir. Þegar ég las þennan lista fyrst kom það mér á óvart að svona stuttur listi skyldi ná helstu atriðum sem menn virðast vera sammála um beggja vegna Atlandsála :-). (Þetta er hluti af 14 hæfnikröfum samtakanna til fullorðinsfræðara)
- "**Aðferðafræði Kynning**" er fyrirlestur sem ég helt einhvern tíma um það hvernig maður hugsar þegar maður velur aðferðir og notar þær. Þar studdist ég heilmikið við skjölin tvö hér fyrir ofan.
- Blöðin "**Skipulagt að markmiðum**" og "**Samloka**" og gefa dæmi um tvær hugmyndir sem getur verið gott að hafa í huga þegar maður skipuleggur fræðslu fyrir aðra.
- Hin blöðin eru aðferðalýsingar sem hafa safnast saman í sarpinn hjá mér á undanförunum árum.

Til þess að ná valdi á þessum atriðum eru verkefni eins og stóra einstaklingsverkefnið: Námskeiðsmappan, og að skrifa aðferðalýsingar



Einstaklingsverkefni: Skipuleggja námskeið



Lýsa 3 aðferðum

6 Stjórnun námsferla

Byrjar: 01/04/2015

Endar: 30/04/2015

Stjórnun námsferla er það sem við gerum þegar við **bjóðum fólk velkomið og leiðum í gegnum** atburð sem hefur þann tilgang að auka þekkingu þeirra á einhverju málefni, auka hæfni þeirra, þjálfa leikni þeirra eða jafnvel gefa þeim tækifæri til að skoða viðhorf sín og breyta þeim ef þeim finnst ástæða til. Sem sagt að leiða ferli sem geta leitt til varanlegra breytinga á þekkingu, hæfni, leikni og/eða viðhorfum.

Þar reynir á hæfni okkar í mannlegum samskiptum og þekkingu á því hvernig maður skapar andrými sem stuðlar að og styður við nám. Hér er um að ræða að leiða hóp þátttakenda í gegnum óöryggi upphafsins, skapa félagslegt andrými þar sem er gott að læra, koma af stað og stýra alls konar námsferlum og stjórna lok atburða þannig að þátttakendur séu tilbúnir að nýta það sem þeir hafa lært.

Miðlunaraðferðin



Kennsluæfing

7 Nám á tækniöld

Þróun upplýsingatækni hefur verið ákaflega hröð á undanförunum árum og þykir mörgum að þessi þróun ætti að hafa mikil áhrif á nám. Og vissulega hefur hún gert það... þó merkilega lítið miðað við þá byltingarkenndu möguleika sem upplýsinga og samskiptatæknin býður upp á.

Það er nauðsynlegt fyrir manneskju sem hyggur á það að skipuleggja og leiða nám fyrir fullorðna á 21 öldinni að taka afstöðu til þess hvert hlutverk hans/hennar er sem leiðtogi fyrir nemendur sína, sérstaklega hvað varðar að taka upplýsingatæknina í sína þjónustu í námi og starfi. Þetta skiptir sérlega miklu máli í ljósi þess að atvinnulífið er orðið þannig - og samfélagið allt - að allir virðast þurfa að vera færir um að afla sér stöðugt nýrra upplýsinga, læra nýja hluti, aflæra gamla, æfa sig og þjálf í nýjum aðferðum og verkferlum, ætli þeir að geta notið þess sem samtíminn býður upp á, að ekki sé talað um að standast kröfur vinnumarkaðarins um aðlögunarhæfni.

Hér er því málið að velta fyrir sér hvaða merkingu hefur það fyrir nám og kennslu að svo til allir hafi aðgang að svo til öllum upplýsingum alltaf og allstaðar. Hvaða hæfni þarf fullorðinsfræðari að hafa til að geta stutt við nám nemenda sinna, hvaða hæfni þarf hann/hún að miðla, stuðla að og/eða ætlast til af nemendum sínum?

Hvað gerum við hér?

Ég á von á að þetta þema verði yfir-um og allt-í-kring á námskeiðinu. Við erum að gera tilraunir með tækni og þið upplifið ýmislegt. Veltið endilega fyrir ykkur upplifun ykkar af upplýsingatækninni, hvar styður hún við námið? Hvað finnst þér nauðsynlegt að kunna og geta sjálf/ur ... Hvað finnst þér nauðsynlegt að miðla til nemenda þinna ... og af hverju?

Lestu í bókinni...

- kaflar 11: "**Áhrif tækni á kennslu**" og 15: "**Nám um netið**" fjalla um þessi málefni, en þeir eru nokkuð gamlir og úreltir, þannig að það er litill ástæða til að lesa þá nákvæmlega, en það geta verið áhugaverðar spurningar þar.
- Annar er ástæða að leita víðar
- Söfnum áhugaverðu efni í [Diigo hópinn okkar](#)
- [og sjá líka hér](#)
- [og hér](#)

Hvað þýðir aukið aðgengi fólks að námsefni fyrir skipulagningu náms?

- Hvaða námsefni nota ég
- Hvaða aðgang fá nemendur að námsefni
- Hvað flokka ég sem náms/kennsluefni
- Hvaða vinnu setur kennari/skóli í að auðvelda aðgang að námsefni
- kennslu

8 Mat

Byrjar: 21/04/2015

Endar: 28/04/2015

Lokapunkturinn í ferlinu sem snýr að því að skipuleggja og framkvæma fræðslu með fullorðnum er að *meta* það:

- Meta að hve miklu leiti þátttakendur hafa náð markmiðum námsferlisins (Námsmat - e. *Assessment*)
- Meta að hve miklu leiti það ferli sem við bjuggum til og leiddum stuðlaði að því að þátttakendur nái markmiðum sínum, eða "hagsmunaaðilar" nái þeim... t.d. að það verði færri mistök í framleiðslu eftir að starfsmenn fyrirtækis fóru í gegnum einhvers konar þjálfunarferli (Námskeiðsmat e. *Evaluation*)

Á þessu námskeiði er rétt er að kynna aðeins sér nokkrar kjarnaspurningar námsmats og námskeiðsmats, - allt eftir þörfum, en annars eru þær teknar fyrir á tveimur aðgreindum námskeiðum við námsbrautina "Nám fullorðinna".

Lestur:

- Kafli 13. **Mat á hæfni nemenda**
- Kafli 16. **Námskeiðsmat**
- **Slóðir í gagnlegt efni um námsmat**

[Í Diigo safninu mínu undir taginu "Mat" má finna ýmislegt gagnlegt um námskeiðsmat.](#)